

**Nd. 336 Breytingartillaga**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 32. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er stjórn Ræktunarsjóðsins að lána Búnaðarfjelagi Íslands til að koma upp fjórum tilraunabúum, einu í hverjum landsfjórðungi, alt að 100 þúsund krónum handa hverju búi. Má lánstíminn vera alt að 40 árum og vextir alt að 2% lægri en venjuleg vaxtakjör á útlánsfje Ræktunarsjóðsins.